

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 föstudaginn 18. október 2024, Strandgötu 31, Akureyri

Mættir stjórnarmenn: Viggó Jónsson formaður, Ármann Örn Gunnlaugsson, Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Sara Sigmundsdóttir, Örn Arnarson og Tómas Árdal varamaður. Hilda Jana Gísladóttir, Katrín M. Guðjónsdóttir og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður tóku þátt í gegnum Teams. Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson

Formaður setti fund og ræddi stuttlega um umbrotatíma í stjórnmalum á Íslandi, sem hafa talsverð áhrif á starfsemi MN. Fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1 Staða ferðapjónustunnar

Stjórnarfolk ræddi um stöðuna í ferðapjónustu á Norðurlandi, hvernig sumarið hefði verið og hvernig útlitið væri fyrir veturinn.

Almennt var fyrri hluti sumars verri í ár en í fyrra, en síðari hluti sumars og haustið jafngott eða betra en í fyrra. Útlitið fyrir komandi mánuði nokkuð gott og farið að bera á fleiri bókunum frá breskum ferðaskrifstofum fyrir komandi vetur en áður. Áhrif beina flugsins eru þannig farin að skila sér. Einnig er góð norðurljósaspá fyrir veturinn að hafa jákvæð áhrif. Stríðsátök, eldsumbrot og stórar íþróttakeppnir fyrri hluta sumars hins vegar að valda neikvæðum áhrifum.

Umræður í stjórn um mikilvægi þess að farið verði í öfluga markaðsherferð, þar sem m.a. verði lögð áhersla á norðurljósín. Stjórn ræddi einnig um að ein heildstæð gjaldtaka við komu til landsins væri mun heppilegri en gjaldtaka vítt og breitt um landið á viðkomustöðum ferðamanna. Gjaldtakan ætti að vera á grunni þess að vernda náttúru og tryggja öryggi gesta.

Stjórn ræddi um mikilvægi þess að fjármagna markaðssetningu á Akureyrarflugvelli og hafa landshlutasamtökin SSNV og SSNE sent frá sér umsagnir þess efnis. Einnig var rætt um opnunartíma ferðapjónustufyrirtækja á Norðurlandi yfir vetrartímann og ótímabært afnám tollfrelsis á skemmtiferðaskip.

Framkvæmdastjóri kynnti helstu niðurstöður úr þjónustukönnun sem gerð var meðal ferðapjónustufyrirtækja á Norðurlandi. Þar kom fram m.a. að:

- Beint millilandaflug og vetrarferðapjónusta var nefnt sem það mikilvægusta fyrir ferðapjónustuna.
- Saga og menning kom einnig sterkt inn, ásamt Norðurstrandarleið og áfangastaðaáætlun Norðurlands.
- 73% fyrirtækja hafa fengið farþega með beinu millilandaflugi til Akureyrar.
- 70% fyrirtækja hafa hins vegar ekki beint sinni markaðssetningu sérstaklega að farþegum sem koma með beinu millilandaflugi.

Unnið verður frekar með niðurstöður þjónustukönnunarinnar í stefnumótun MN.

2 Flugmál, fjármagn og verkefni

Hjalti fór yfir nýútgefna skýrslu um stöðuna í flugmálum, bæði hvað varðar markaðsaðgerðir og stöðu á fjármögnun Flugklasans. Skýrslan er öllum aðgengileg á vef MN. Hann tilkynnti jafnframt áform MN um að halda ráðstefnu um flugmál á Akureyri 18. nóvember n.k.

Stjórn var sammála um mikilvægi þess að halda umræðu um millilandaflug um Akureyrarflugvöll á lofti nú í aðdraganda kosninga. Vinna við fjármögnun á markaðssetningu á Akureyrarflugvelli stendur nú yfir.

3 Samningar

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu samninga MN við Íslandsstofu og Ferðamálastofu. Enn liggur ekki fyrir staðfest fjármögnun fyrir næsta ár, og verið er að ræða mögulegar breytingar á hvaða leið þetta fjármagn fer til áfangastaðastofanna. Vonir standa til að þessi staða skýrist fljótlega.

4 Uppskeruhátíð

Rætt um viðurkenningar fyrir Uppskeruhátíð ferðapjónustunnar sem haldin verður fimmtudaginn 24. október. Stjórn lagði til að veittar yrðu þrjár viðurkenningar á hátíðinni.

5 Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðunni í húsnæðismálum og lagði til að MN gerði leigusamning um húsnæði að Tryggvabraut 10 til 5 ára frá áramótum. Tillagan samþykkt af stjórn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:30

Fundarritari HPP